



**Ávarp
forseta Íslands
Guðna Th. Jóhannessonar
á ráðstefnunni
Hjólum til framtíðar
Mosfellsbæ
16. september 2016**

Ágæta hjólreiðafólk

Ég óska ykkur til hamingju með ráðstefnuna Hjólum til framtíðar sem nú er haldin í sjötta sinn. Vel er til fundið að halda hana á Degi íslenskrar náttúru. Reiðhjól og náttúra eiga svo sannarlega samleið.

Rúm öld er síðan Íslendingar tóku í sína þjónustu hjólhesta eins og reiðhjól voru fyrst kölluð hér á landi. Lengi voru það helst börn og unglingar sem hjóluðu um götur þorpa og bæja en síðustu ár og áratugi hefur orðið sannkölluð bylting hvað það varðar. Hjólastígum fjölgar og þúsundir Íslendinga hafa gert hjólreiðar að lífsstíl. Margir hjóla til og frá vinnu eða skóla enda er það oft þannig að lengri tíma tæki að komast akandi á leiðarenda en hjólandi. Þeim fjölgar einnig sífellt sem æfa hjólreiðar og vilja komast hraðar og lengra en aðrir. Þá hjólar fjöldi manna um landið þvert og endilangt sér til ánægju, ekki síst erlendir ferðamenn.

Mér þykir leitt að geta ekki verið með ykkur á þessari ráðstefnu en vonast til að geta í embætti mínu stutt hjólreiðamenningu á Íslandi með ráðum og dáð. Góða skemmtun!